



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

ÚRSKURÐUR

18. desember 2017

Mál nr. E-2227/2016:
Stefnendur: Hallur Kristvinsson
Vilhjálmur Guðmundsson
Páll Guðmundsson
Ragnheiður Þ Guðmundsdóttir
Andri Þór Guðmundsson
(*Einar Páll Tamimi hdl.*)

Stefndu: Þrek ehf.
(*Gestur Jónsson hrl.*)
Úti og inni sf.
(*Árni Gestsson hdl.*)
Ari Már Lúðvíksson
(*Almar Þór Möller hdl.*)
Baldur Ólafur Svavarsson
(*Árni Gestsson hdl.*)
Reykjavíkurborg
(*Ragnar Tómas Arnason hrl.*)
Jón Þór Þorvaldsson
(*Árni Gestsson hdl.*)

Dómari: Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari

ÚRSKURÐUR

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. desember 2017 í máli nr. E-2227/2016:

Hallur Kristvinsson

Vilhjálmur Guðmundsson

Páll Guðmundsson

Ragnheiður Þ Guðmundsdóttir

Andri Þór Guðmundsson

(Einar Páll Tamimi hdl.)

gegn

Þreki ehf.

(Gestur Jónsson hrl.)

Úti og inni sf.

(Árni Gestsson hdl.)

Ara Má Lúðvíkssyni

(Almar Þór Möller hdl.)

Baldri Ólafi Svavarssyni

(Árni Gestsson hdl.)

Reykjavíkurborg og

(Ragnar Tómas Árnason hrl.)

Jóni Þór Þorvaldssyni

(Árni Gestsson hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. nóvember 2017 um kröfur stefndu um frávísun málsins, var höfðað með stefnu, dags. 23. júní 2016, og sakaukastefnu, dags. 9. nóvember s.á., af hálfu Halls Kristvinssonar, Efstasundi 94, Reykjavík, Vilhjálms Guðmundssonar, Lindarbergi 22, Hafnarfirði, Páls Guðmundssonar, Hæðaseli 3, Reykjavík, Ragnheiðar Þórunnar Guðmundsdóttur, Hjallabrekku 15, Kópavogi og Andra Þórs Guðmundssonar, Lindarbergi 62, Hafnarfirði á hendur Þreki ehf., Sundlaugavegi 30A, Reykjavík, Reykjavíkurborg, Tjarnargötu 11, Reykjavík, Úti og inni sf., Þingholtsstræti 27, Reykjavík, Ara Má Lúðvíkssyni, Sporðagrunni 5, Reykjavík, Baldri Ó Svavarssyni, Hlíðarbyggð 14, Garðabæ og Jóni Þór Þorvaldssyni, Logafold 108, Reykjavík.

Dómkröfur

Stefnendur krefjast þess að viðurkennt verði með dómi að viðbygging við íþróttamiðstöðina Austurbergi 3, Reykjavík, sem hýsa á líkamsræktarstöð í eigu stefnda Þreks ehf. og breytingar stefndu Reykjavíkurborgar á íþróttamiðstöðinni í tengslum við gerð viðbyggingarinnar, fari í bága við höfundarrétt Guðmundar Þórs Pálssonar, hönnuðar íþróttamiðstöðvarinnar.

Stefnendur krefjast þess einnig að viðurkennt verði með dómi að framlagning stefndu Ara Mús, Baldurs Ó., Jóns Þórs og Úti og inni sf. á uppdráttum til byggingaryfirvalda af viðbyggingu við íþróttamiðstöðina Austurbergi 3, Reykjavík, sem hýsa á líkamsræktarstöð í eigu stefnda Þreks ehf. og af breytingum stefndu Reykjavíkurborgar á íþróttamiðstöðinni í tengslum við gerð viðbyggingarinnar, feli í sér hlutdeild í höfundarréttarbrotum stefndu Þreks hf. og Reykjavíkurborgar og fari þannig í bága við höfundarrétt Guðmundar Þórs Pálssonar, hönnuðar íþróttamiðstöðvarinnar.

Þá krefjast stefnendur þess að viðurkennt verði með dómi að gerð og framlagning stefndu Ara Mús, Baldurs Ó., Jóns Þórs og Úti og inni sf. á ýmsum uppdráttum til byggingaryfirvalda sem sýna hönnun Guðmundar Þórs Pálssonar á íþróttamiðstöðinni Austurbergi 3, Reykjavík, ásamt þeirra eigin hönnun, sem unnin hefur verið ofan í eða sem viðbót við uppdrætti Guðmundar Þórs, án tilvísunar til hans sem hönnuðar, fari í bága við höfundarrétt Guðmundar Þórs.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða eftir mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndu krefjast þess allir aðallega að öllum kröfum stefnenda á hendur þeim verði vísað frá dómi. Til vara krefjast allir stefndu sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnenda, auk virðisaukaskatts, að skaðlausu samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti eða að mati dómsins.

Það er aðalkrafa stefndu um að málinu verði vísað frá dómi sem til úrlausnar er í þessum þætti málsins og eru stefndu hér sóknaraðilar. Í þessum þætti málsins krefjast stefnendur, sem hér eru varnaraðilar, þess að frávísunarkröfunum verði hafnað. Af hálfu allra aðila er krafist málskostnaðar að mati dómsins í þessum þætti málsins.

Málsatvik

Mál þetta varðar viðbyggingu við og breytingar á íþróttamiðstöðinni að Austurbergi 3, Reykjavík. Stefnandi kveður íþróttamannvirkin, sem saman standi af tveimur sambyggðum einingum, íþróttahúsi og sundlaug og gangi undir heitunum Austurberg og Breiðholtslaug, upphaflega hafa verið hönnuð á árunum 1973 til 1975 af Arkhönn sf. og hafi Guðmundur Þór Pálsson verið aðalhönnuður. Hann hafi hannað breytingar og viðbætur við mannvirkin á næstu tveimur áratugum. Með samningi á árinu 1998 við stefnanda Hall Kristvinsson, hafi Guðmundur Þór falið honum að fara með höfundarrétt sinn að þeim mannvirkjum sem hann hefði hannað. Í kjölfarið hafi Hallur og teiknistofa hans, Arkinn ehf., hannað ýmsar breytingar og viðbætur við þau íþróttamannvirki sem Guðmundur Þór hafði teiknað, allt til ársins 2013.

Stefnendur málsins eru annars vegar erfingjar Guðmundar Þórs Pálssonar arkitekts, er féll frá í desember 2001, þau Vilhjálmur, Páll, Ragnheiður Þórunn og Andri Þór, og hins vegar Hallur Kristvinsson, meðhönnuður Guðmundar Þórs og umráðamaður höfundarréttar hans samkvæmt samningi frá mars 1998.

Þann 22. apríl 2015 undirrituðu stefndi Reykjavíkurborg og stefndi Þrek ehf. samning um byggingu líkamsræktarstöðvar við Breiðholtslaug og var fyrsta skóflustunga að líkamsræktarstöðinni tekin þann 5. ágúst 2015. Framkvæmdum á vegum stefnda Þreks ehf. við að reisa líkamsræktarstöðina og á vegum stefnda Reykjavíkurborgar við að reisa tengigang og gera aðrar breytingar á íþróttamiðstöðinni er lokið og var líkamsræktarstöðin opnuð 31. október 2016.

Stefndu tengjast þessum síðastnefndu framkvæmdum með þeim hætti að Þrek ehf. er framkvæmdaaðili hluta þeirra og Reykjavíkurborg er framkvæmdaaðili hluta þeirra. Aðrir stefndu eru hönnuðir þessara framkvæmda. Samkvæmt málatilbúnaði aðila áttu sér stað samskipti áður en til þeirra kom milli stefnda Halls og framkvæmdaaðila, en aðila greinir á um atvik og ástæður þess að Hallur var ekki fenginn til verksins.

Málsástæður og lagarök stefnenda fyrir dómkröfum sínum

Stefnendur byggja á því í fyrsta lagi að Guðmundur Þór Pálsson hafi átt höfundarrétt að íþróttamiðstöðinni Austurbergi 3, Reykjavík, sem þeir eigi nú eða fari með. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eigi höfundur að bókmenntaverki eða listaverki eignarrétt á því með þeim takmörkunum sem í lögnum greinir. Eftir 2. mgr. 1. gr. laganna teljist byggingarlist vera eitt þeirra listforma sem 1. mgr. taki til. Í

3. mgr. 1. gr. laganna sé kveðið á um að uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem veiti fræðslu um málefni eða skýri þau, njóti verndar með sama hætti og bókmenntaverk.

Stefnendur byggja í öðru lagi á því að framkvæmdaaðilar og hönnuðir framkvæmda á íþróttamiðstöðinni Austurbergi 3, Reykjavík, brjóti gegn höfundarrétti Guðmundar Þórs Pálssonar samkvæmt 3. gr. og 4. gr. höfundalaga. Höfundur sé í höfundalögum veittur tvenns konar réttur, annars vegar svokallaður sæmdarréttur og hins vegar fjárhagslegur réttur. Með sæmdarrétti samkvæmt 4. gr. höfundalaga sé átt við réttinn sem snúi að álit og heiðri höfundarins. Sæmdarrétturinn felist hvort tveggja í því að höfundur eigi rétt á því að nafns hans sé getið þegar verk hans sé kynnt og í vernd hans gegn því að verki hans sé breytt án samþykkis hans. Í fjárhagslega réttinum samkvæmt 3. gr. höfundalaga felist að höfundur hafi einkarétt til allra nota og ráðstöfunar á verki sínu. Bann við því að öðrum en höfundi sé heimilt að breyta byggingu sem hann hafi hannað felist bæði í fjárhagslegu réttindunum samkvæmt 3. gr. og sæmdarréttinum samkvæmt 4. gr. Í þeim framkvæmdum sem ráðist hafi verið í á íþróttamiðstöðinni Austurbergi 3, felist bæði hreinar breytingar á þeim byggingum sem myndi íþróttamiðstöðina og viðbygging við hana.

Þá byggja stefnendur í þriðja lagi á því að framkvæmdaaðilar og hönnuðir framkvæmda á íþróttamiðstöðinni brjóti gegn banni 2. mgr. 4. gr. höfundalaga við birtingu á hönnun Guðmundar Þórs Pálssonar í samhengi sem skert geti höfundarheiður eða höfundarsérkenni hans.

Stefnendur byggja í fjórða lagi á því að takmörkun höfundarréttar samkvæmt 13. gr. höfundalaga eigi ekki við í máli þessu, þar sem segir: „Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.“ Ákvæðið geymi undantekningarreglu frá þeirri meginreglu höfundarréttar samkvæmt 3. og 4. gr. höfundalaga, að óheimilt sé að breyta höfundaverkum, eða birta þau breytt og því beri að skýra ákvæði 13. gr. þröngt. Aldrei geti verið nauðsynlegt fyrir þann sem komi að breytingu á höfundarverki að gera það án samþykkis höfundar, hafi ekki verið leitað eftir atbeina höfundar eða þess sem fari með höfundarrétt við breytinguna. Það geti aðeins verið nauðsynlegt neiti höfundur að veita atbeina sinn eða krefjist fyrir það óeðlilegrar þóknunar.

Um lagarök varðandi aðild stefnenda, sem eigenda og umráðamanna höfundarréttar íþróttamiðstöðvarinnar Austurbergi 3, og lögvarða hagsmuni þeirra, byggja stefnendur einkum á 31. gr. og 2. mgr. 59. gr. höfundalaga, auk almennra reglna samningaréttarins. Að öðru leyti byggji stefnendur á öðrum viðeigandi ákvæðum höfundalaga, einkum I. kafla þeirra.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum stefndu um frávisun

Stefndu vísa til þess að dómkröfur stefnenda séu mjög ruglingslegar og byggja á því að vísa beri málinu frá dómi þar sem málshöfðunarfrestur sé liðinn, kröfugerðin sé óskýr og óljóst sé hvaða lögvröðu hagsmuni stefnendur eigi að hafa af því að kröfurnar nái fram að ganga.

Stefnendur vísi til 2. mgr. 59. gr. höfundalaga, sbr. 31. gr. laganna, og fram komi í stefnu að *Samkvæmt 1. og 3. tl. 54. gr. höfundalaga er ótvírætt að hlutdeild í brotum þeim sem hér er um að ræða telst fela í sér sjálfstætt brot á lögnum.* Í VII. kafla höfundalaganna (54. til 59. gr.) sé fjallað um refsíákvæði, bætur, ákærureglur o.fl. Fjallað sé um refsingar vegna „brota“ á reglum laganna, huglæg skilyrði, hlutdeild í broti o.s.frv. Málshöfðunarfrestur einkarefsimáls sé samkvæmt 29. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sex mánuðir frá því að sá sem heimildina hafi fái vitneskju um *hinn seka*. Sannað sé að stefnendur höfðu vitneskju um ætluð *brot* meira en sex mánuðum áður en málið var höfðað. Frestur til þess að höfða mál vegna *brota* gegn höfundarrétti Guðmundar Þórs Pálssonar sé því liðinn. Sama gildi um viðurkenningu um ætlaða *hlutdeild* í höfundarréttarbrotum hvort sem hún sé talin felast í því að veita hinum brotlega aðstoð eða með því að taka þátt í *brotnu* með öðrum hætti. Krafa um viðurkenningu dóms á því að tiltekin háttsemi teljist brot á refsireglu hljóti að sæta sama málshöfðunarfresti og refsikrafa. Ella væri hægt að sniðganga lögbundinn frest til þess að höfða einkarefsimál með því að setja það í búning viðurkenningarmáls og ná þannig fram dómsniðurstöðu um refsiverða háttsemi þess sem stefnt sé.

Heimildin til höfðunar viðurkenningarmáls í 2. mgr. 25. gr. einkamálalaga eigi sér ekki hliðstæðu í sakamálaréttarfari. Engin heimild sé t.d. til höfðunar máls þar sem krafist sé viðurkenningar á því að tiltekin háttsemi feli í sér *hlutdeild* í refsiverðum verknaði eins og gert sé í þessu tilviki. Á sama hátt væri ekki hægt að höfða viðurkenningarmál til viðurkenningar á því að tiltekin háttsemi beri vott um ásetning

eða feli í sér stórkostlegt gáleysi o.s.frv. Heimildin til höfðunar viðurkenningarmáls sé undantekningarregla bundin við þau lagaskilyrði sem lýst sé í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála.

Kröfugerð stefnenda uppfylli ekki skýrleikakröfu d-liðs 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þar komi fram að í stefnu skuli greina svo glöggt sem verða megi frá *dómkröfum stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekið skaðaverk án fjárhæðar ef enn er óvíst um hana, vexti ef því er að skipta, viðurkenningu á tilteknum réttindum, ákvörðun á eða lausn undan tiltekinni skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerkingu tiltekinna ummæla, málskostnað o.s.frv.*

Kröfugerð stefnenda sé óljós og ónákvæm hvað varði lykilþætti málsins. Hvergi sé t.d. tilgreint hvaða hönnunarþættir íbróttamiðstöðvarinnar í Austurbergi 3 það séu sem stefnendur telji að njóti verndar höfundalaga. Slíkt sé þó nauðsynleg forsenda þess að stefndu geti haldið uppi vörnum með skilvirkum hætti í málinu. Þá sé þess krafist í öðrum og þriðja lið kröfugerðarinnar að viðurkennt verði með dómi að framlagning á *ýmsum uppdráttum til byggingaryfirvalda* feli í sér brot á höfundarrétti Guðmundar. Engin nánari lýsing sé á því hvaða uppdrætti átt sé við né af hverju framlagning þeirra feli í sér brot á höfundarrétti Guðmundar. Í reynd sé meira að segja óljóst hvaða kröfuliðum beint sé að hverjum af stefndu.

Kröfurnar séu þannig settar fram að ekki sé hægt að taka þær upp óbreyttar sem ályktunarorð í dómsniðurstöðu. Ekki sé heldur einfalt að átta sig á hvaða lögvörðu hagsmuni stefnendur hafi af því að kröfurnar nái fram að ganga. Stefnendur vísi til fjárhagslegra réttinda og sæmdarréttar höfundar samkvæmt 3. gr. og 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Fresturinn til þess að koma fram refsingu vegna brota á lögunum sé liðinn. Réttur til miskabóta vegna brota á sæmdarrétti höfundar samkvæmt 56. gr. höfundalaga sé bundinn við höfundinn sjálfan, rétturinn sé óframseljanlegur og erfist ekki, sbr. HRD 221/2007. Í stefnu sé ekki reynt að sýna fram á fjárhagslegt tjón stefnenda, í hverju það felist eða hver tengsl tjónsins séu við atvikin í málinu. Þessi skilyrði þurfi þó að uppfylla til þess að heimilt sé að höfða mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu. Því sé ekki ljóst hvaða réttaráhrif það hefði að viðurkenna að umdeildar framkvæmdir feli í sér brot á höfundarrétti stefnenda. Þá hafi stefnendur aldrei gert tilkall til þess að framkvæmdum verði hætt og sé slíka kröfu ekki heldur að

finna í stefnu. Verði því að telja að stefnendur hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn kröfunnar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, þar sem engin réttaráhrif myndu fylgja dómi þess efnis sem þeir leiti eftir. Stefnendur hafi ekki gert nægilega grein fyrir slíkum hagsmunum í stefnu málsins.

Málsástæður stefnenda gegn kröfum um frávísun

Við málflutning um frávísunarkröfur stefndu kom fram hjá lögmanni stefnenda að viðurkenningarkröfur þeirra byggist á því að brotið hafi verið gegn sæmdarrétti höfundar. Vegna brota gegn sæmdarrétti væru miskabætur ekki eina úrræðið, heldur mætti rétta hlut með öðrum hætti, t.d. með afsökunarbeiðni. Börn höfundar gætu orðið fyrir tilfinningalegu tjóni og verið þolendur brota gegn höfundarrétti. Það skipti því máli fyrir erfingja og yrði þeim léttir að fá staðfestingu á broti á höfundarréttinum. Ekki hefði verið þörf á að rekja það sérstaklega í stefnu í hverju hagsmunir þeirra fælust. Hagsmunir þyrftu ekki að vera fjárhagslegir, en stefnendur hefðu þó á margra ára tímabili haft fjárhagslega hagsmuni af höfundarrétti Guðmundar Þórs, sem byggt hafi á samningi hans og stefnandans Halls Kristvinssonar. Viðurkenning með dómi á brotum á höfundarrétti geti skipt máli, þannig að þau yrðu ekki endurtekin og stefnendur fengju síðar fjárhagslegan ávinning af því að fá verkefni vegna höfundarréttar hans.

Viðurkenningarkröfurnar séu settar fram í þremur liðum vegna þess að þær beinist með mismunandi hætti að hverjum og einum stefnda. Þær væru nægilega skýrar í framsetningu og væri það ekki ófrávikjanleg frávísunarástæða að kröfur mætti ekki taka óbreyttar upp í dómsorð. Enginn vafi gæti leikið á því til hvaða uppdráttá vísað væri í þriðja kröfulið og teikningarnar kröfunni til stuðnings lægju fyrir í gögnum málsins. Þá væri skýrt í stefnu til hvaða hönnunarpátta væri vísað, það væri ytri hönnun með höfundareinkennum, heildarmyndin, en ljóst væri að breytingar hefðu verið gerðar á ásýnd.

Þó að óumdeilt sé að málshöfðunarfrestur til að höfða einkarefsimál væri liðinn sé því mótmælt að ekki sé fyrir hendi réttur til að höfða einkamál til viðurkenningar á broti gegn efnisákvæðum höfundalaga. Brot gegn þeim hátternisreglum gætu varðað einkaréttarlegum viðurlögum þó að liðinn sé frestur til að þau varði afleiðingum í refsímáli. Beita megi hvoru fyrir sig eða hvoru tveggja. Engin tengsl séu milli kröfugerðar í þessu máli og 29. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Niðurstaða

Höfundarréttur og sæmdarréttur höfundar er varinn af refsíákvæði 54. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, sbr. 59. gr. laganna. Heimild til að hafa uppi refsíkröfu í einkamáli vegna brota gegn ákvæðum höfundalaga eða hlutdeildar í slíkum brotum var niður fallin þegar mál þetta var höfðað, sbr. málshöfðunarfrest 29. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og er það óumdeilt.

Við málflutning um frávísunarkröfurnar var því hreyft af hálfu lögmannna stefndu að stefnendur hefðu ekki sýnt fram á að hönnun Guðmundar Þórs uppfyllti skilyrði höfundalaga um að teljast byggingalist, þannig að ákvæði laganna ættu við um hana. Lögmaður stefnenda mótmælti því að málsástæðan kæmist að í þessum þætti málsins. Þessi málsástæða var höfð uppi í greinargerð til stuðnings sýknukröfu stefndu, en í henni felast efnisvarnir sem koma ekki til álita í þessum þætti málsins.

Þótt heimild til að höfða einkarefsimál á grundvelli höfundalaga sé ekki lengur fyrir hendi hefur það ekki sjálfkrafa í för með sér að ekki megi bera undir dómstóla nokkur álitafni sem tengjast efnisreglum laganna. Felst það í meginreglu 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, um rétt allra til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Þessi ákvæði valda því ekki sjálfkrafa að efnisdómur skuli ganga um hvaða kröfur sem er og hvernig sem að málarekstri er staðið, heldur verða réttarfarsskilyrði einnig að vera uppfyllt.

Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 er gerð sú krafa í einkamáli að stefnandi afmarki sakarefni sitt skýrlega í stefnu þannig að ekki fari milli mála hvert það sé. Ákvæðið á sér ekki síst þann tilgang að tryggja stefnda rétt til að kynna sér málatilbúnað stefnanda í því skyni að eiga þess sanngjarnan kost að verjast kröfum hans að því er alla þætti þeirra varðar. Eru því takmörk sett að hvaða marki síðar verði bætt úr annmörkum á reifun máls í stefnu með því að leggja fram gögn og skýra kröfugerð. Samkvæmt d-lið ákvæðisins skal í stefnu greina svo glöggst sem verða má dómkröfur stefnanda, svo sem m.a. kröfur um viðurkenningu á tilteknum réttindum.

Í máli þessu krefjast stefnendur í fyrsta lagi viðurkenningar á því að viðbygging í eigu stefnds einkahlutafélags við íþróttamiðstöð og breytingar stefnds sveitarfélags á íþróttamiðstöð fari í bága við höfundarrétt upphaflegs hönnuðar hennar. Í öðru lagi er

krafist viðurkenningar á því að sú háttsemi þriggja manna og annars stefnds félags, að leggja fram uppdrætti til byggingaryfirvalda, feli í sér hlutdeild í þeim brotum og fari þannig í bága við höfundarrétt hönnuðarins. Í þriðja lagi er krafist viðurkenningar á því að sú háttsemi sömu aðila, að gera og leggja fram til byggingaryfirvalda ýmsa uppdrætti sem sýni hönnun hönnuðarins ásamt þeirra eigin hönnun, fari í bága við höfundarrétt hans.

Fallast má á það með stefndu að kröfugerð stefnenda sé ekki svo skýr sem skyldi um það hvaða kröfufliðum beint sé að hverjum af stefndu, á það sérstaklega við um fyrsta lið kröfugerðarinnar. Þá er einnig fallist á að lýsing háttseminnar í öðrum og þriðja kröfuflið er ónákvæm um það hvaða uppdrættir voru gerðir og/eða lagðir fram og þá hvenær. Í stefnu er vísað til gagna málsins sem sýni að uppdrættir hafi endurtekið verið lagðir fram til byggingaryfirvalda með breytingum hinna stefndu hönnuða. Eins og framsetningu á kröfugerð er hagað hefðu stefnendur þurft að gera skilmerkilega grein fyrir því í stefnunni í hverju nánar háttsemin væri falin, svo sem um hvaða uppdrætti væri að ræða, hver af stefndu gerði hvað og með hvaða hætti athafnir þeirra feli í sér brot á höfundarrétti Guðmundar Þórs Pálssonar.

Dómstólar verða ekki, samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, krafðir álits um lögfræðileg efni eða hvort tiltekið atvik hafi gerst nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laganna er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Um kröfur til viðurkenningar á því að brotið hafi verið gegn höfundarrétti verður því ekki dæmt nema sýnt sé fram á af hálfu stefnenda að þeir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins.

Til þess að sýnt verði að þessu skilyrði sé fullnægt fyrir höfðun máls er óhjákvæmilegt að stefnendur beri skýrlega fyrir sig málsástæður um að lögvarðir hagsmunir af nánar tilgreindum ástæðum séu fyrir hendi. Í stefnu gera stefnendur ekki viðhlítandi grein fyrir hagsmunum sínum heldur kemur þar einungis fram að þeir telji að brotið hafi verið gegn höfundarrétti Guðmundar Þórs. Svo sem hér að framan greinir kom fram hjá lögmanni stefnenda við málflutning að hagsmunir erfingja Guðmundar Þórs fælust í því að það yrði þeim tilfinningalegur léttir að fá brot stefndu viðurkennd. Einnig að öll stefndu gætu átt hagsmuni sem fælust í fjárhagslegum ávinningi sem kynni að

koma til síðar við ný verkefni við umrædd mannvirki. Þeir hagsmunir sem stefnendur reisa málsókn sína á, og byggja á að séu lögvarðir hagsmunir sem veiti þeim heimild til höfðunar viðurkenningarmáls, eru að mati dómsins of óljósir og óvissir til að geta talist uppfylla umrætt lagaskilyrði um lögvarða hagsmuni.

Samkvæmt 3. mgr. 56. gr. höfundalaga, eins og lagagreininni var breytt með 12. gr. laga nr. 93/2010, má dæma höfundi eða öðrum réttthafa bætur fyrir miska vegna brots á lögnum. Ekki verður fallist á málsástæðu stefndu um að eftir lát höfundar geti erfingjar hans eða aðrir réttthafar ekki krafist miskabóta á grundvelli laganna. Stefnendur hafa á hinn bóginn ekki uppi neinar málsástæður, hvorki í stefnu né við málflutning um frávísunarkröfur, til stuðnings því að stefnendur telji sig eiga rétt á miskabótum eða að þeir hafi hug á að krefjast slíkra bóta og þeir krefjast ekki viðurkenningar á bótaskyldu í málinu.

Án þess að fyrir liggir, að úrlausn um viðurkenningarkröfur stefnenda í máli þessu hafi raunhæft gildi fyrir réttarstöðu þeirra, sem ekki verður eins og á stendur séð að sé raunin, verður dómurinn ekki krafinn svara við þeirri lögspurningu, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, hvort framkvæmdir á vegum stefndu eða háttsemi þeirra fari í bága við höfundarrétt Guðmundar Þórs Pálssonar.

Að öllu framangreindu virtu þykir sá grundvöllur ekki hafa verið lagður að málsókn stefnenda að þeir eigi rétt á því að fá efnisdóm um kröfur sínar. Verður því fallist á kröfur stefndu og verður málinu vísað frá dómi.

Með vísun til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefnendum gert að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðinn er 400.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur greiði stefndu 400.000 krónur í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómur Reykjavíkur 18. desember 2017

